

Þróun og vinnsla úr fiskroði

Sótt er um styrk til frekari hönnunar, þróunar og vinnslu á fiskroði með geislaskurði, sem skartgripir eða gjafavöru. Ætlunin er að nýta hárefni af svæðinu til frekari framleiðslu, eins og hliðafurðir frá fiskeldi sem annars falla frá. Ekki er vitað um nokkurt fyrirtæki á Íslandi sem sameinar geislaskurð og fiskroð. Sem stendur er lítið sem ekkert framboð á skartgripum gerðum úr fiskileðri, þrátt fyrir að leðurskartgripir séu gríðarlega vinsælir erlendis. Verkefninu er skipt upp í tvo skýrt afmarkaða verkþætti sem miða að því að koma tilbúnum vörum í sölu og dreifingu. Fyrsti liður tekur á lokafrágangi vöru og áframhaldandi vöruþróun. Töluvert magn tilbúinna vara er nú á lager félagsins en til að bjóða megi vörunar tilsölu í „fínni“ búðum þarf að fínþússa og sjá til þess að allt sé eins og best verður á kosið. Verkbáttur 2 leggur áherslu á kynningarfundir og þróun markaðsefnis. Gert er ráð fyrir að félagið sjái sjálft um sölu til að tryggja hámarks framlegð. Sett verður upp netverslun og facebooksíða þróuð frekar.

Verkefninu var úthlutað 1.000.000 kr. árið 2016.